

## YFIRLÝSING

Undirritaður gætir hagsmuna forsvarsmanna Alfacom General Trading ehf. og fyrirtækisins, eiganda helmingshlutar í fyrirtækinu 101 Austurstræti ehf., leyfisfyrirtækis og rekstraraðila skemmtistaðarins Austurs.

Hörmuð er framsetning fréttar Morgunblaðsins á vef sínum mbl.is og birt var þann 7. júlí og fjallar um viðskipti um staðinn og viðeigandi málarekstur. Er fréttin einhliða framsett og gerð í þeim tilgangi að varpa rýrð á einn umbjóðanda minn. Gerðar eru athugasemdir við eftirfarandi í fréttinni:

- Umbjóðandi minn Kamran Keivanlou fékk aðgang að leyninúmeri að reikningum félagsins hjá framkvæmdastjóra og öðrum stjórnarmanni, sem hlutuðust um það hjá banka. Lögregla hefur verið upplýst um það.
- Þær 4,4 milljónir sem greiddar voru var arðgreiðsla til Alfacom General Trading ehf. og greidd inn á reikninga þess fyrirtækis. Um svipað leyti fengu aðrir eigendur, þ.á m. Ásgeir Kolbeinsson greidda sambærilega upphæð. Lögreglu hefur verið sýnd gögn um það.
- Engum starfsmanni Austurs hefur verið hótad enda hefur enginn starfsmaður fyrirtækisins lagt fram kæru á hendur umbjóðanda mínum. Lögreglu er um það kunnugt.
- Dómsmál er í gangi og er þess vænst að það hafi eðlilegan framgang.

Er yfirlýsingu þessari ætlað að skýra málið eins og það snýr að umbjóðendum mínum.

### Málsatvik

- Umbjóðendur mínir keyptu helmingshlut í fyrirtækinu 101 Austurstræti ehf. Ásgeir Kolbeinsson var framkvæmdastjóri en Kamran Keivanlou stjórnarformaður. Samþykkt var og skráð að prókúru félagsins skyldu rita tveir nafngreindir aðilar.
- Fljótt varð ágreiningur uppi með aðilum.
- Umbjóðandi minn hefur lagt fram hjá lögreglu gögn sem hann telur sýna með skýrum hætti að Ásgeir Kolbeinsson notaði viðskiptakort staðarins til persónulegra nota.
- Í kjölfar þessa létu umbjóðendur mínir loka reikningum fyrirtækisins til þess að fyrirbyggja aðgang Ásgeir Kolbeinssonar að fjármunum félagsins.
- Nýtt fyrirtæki kemur inn í myndina Austurstræti 5 ehf. og er annar eiganda þar Ásgeir Kolbeinsson. Það fyrirtæki hefur einhliða tekið að sér að annast um daglegan rekstur skemmtistaðarins og móttaka greiðslur. Fyrir slíku liggur ekkert samþykki stjórnar 101 Austurstrætis 101 ehf.
- Posar Austurs eru skyndilega orðnir posar í eigu Austurstrætis 5 ehf. og allir fjármunir fara nú til fyrirtækis, í hlutaeigu Ásgeirs, sem umbjóðendur mínir hafa engan aðgang að. Posarnir eru í eigu Borgunar hf.
- Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og lögreglu er tilkynnt um starfsemi Austurstrætis 5 ehf. og að umbjóðendur mínir telji hana ólöglega. Vínveitingaleyfi staðarins er skráð á 101 Austurstræti.

- Lögmaður Ásgeirs leggur fram hjá sýslumanni samning sem hann kveður hafa verið gerðan milli Austurstrætis 5 ehf. og 101 Austurstrætis ehf. um leigu þess síðarnefnda á posum þess fyrrnefnda. Rétt er að benda á að með því semur Ásgeir Kolbeinsson í reynd við sjálfan sig. Til þess hafði hann ekki umboð stjórnar og samningurinn ber ekki undirritun tveggja forsvarsmanna 101 Austurstrætis eins og áskilið er og skráð hjá Ríkisskattstjóra. Um þennan samning höfðu umbjóðendur mínir enga vitneskju og er hann dagsettur eftir að ágreiningur verður með aðilum.
- Borgun hf. er bent á að samkvæmt viðskiptaskilmálum þeirra er framleiga posa bönnuð, sbr. ákvæði gr. 15.6. Borgun hf. svara umbjóðendum mínum því til að undanþága hafi verið veitt til handa Austurstræti 5 ehf. en útskýra ekki hvaða rök liggja þar að baki.

### Staða málsins

Umbjóðendur mínir sem eru helmingseigendur fyrirtækisins 101 Austurstræti ehf. eru útilokaðir frá öllum aðgangi að upplýsingum um fyrirtæki sitt. Þeir fá ekki aðgang að bókhaldi og hefur framkvæmdastjóri ekki skilað bókhaldsgögnum félagsins.

Allir fjármunir 101 Austurstrætis ehf. renna nú til Austurstrætis 5 ehf. þar sem Ásgeir Kolbeinsson hefur einn aðgang að þeim.

### Aðgerðir umbjóðenda minna

Umbjóðendur mínir hafa leitað margra úrræða í því skyni að rétta hlut sinn. Skal það helsta tíundað hér og einfaldaðar lítillaga.

### Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Sýslumaður upplýsti ekki umbjóðendur mína um tilvist hins umdeilda samnings áður en hann tók ákvörðun. Sýslumaður kallaði ekki eftir afstöðu stjórnar 101 Austurstrætis ehf.

### Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Umbjóðandi minn kærði meintan fjárdrátt Ásgeirs Kolbeinssonar til lögreglu fyrir meira en ári síðan. Lögregla hefur enn ekki tekið ákvörðun í málinu um útgáfu ákæru. Umbjóðandi minn lagði fram lista yfir fjölmarga aðila sem geta borið vitni í málinu. Lögregla hefur ekki rætt við neitt þeirra.

### Fjármálaeftirlitið

Umbjóðandi minn hefur sent inn kvörtun til fjármálaeftirlitsins vegna viðskiptasambands Austurstrætis 5 ehf. og Borgunar hf. Telur umbjóðand minn það sæta furðu að Borgun hf. samþykki undanþágu frá skýrum alþjóðlegum viðskiptaskilmálum.

### Sérstakur saksóknari

Umbjóðandi minn hefur kært til sérstaks saksóknara meintan peningþvott forsvarsmanna Austurstrætis 5 ehf. og ætlaða þátttöku Borgunar ehf. í því broti.

### Persónuvernd

Umbjóðandi minn sendi kvörtun fyrir hönd fyrirtækis síns sem og vegna sjálfs sín til Persónuverndar. Tilgangurinn var að vekja athygli á því að gestir skemmtistaðarins Austurs afhenda kortaupplýsingar sínar til fyrirtækis sem ekki er ábyrgt fyrir rekstrinum

**Framhald málsins**

Ásgeir Kolbeinsson hefur lagt fram kærur á hendur umbjóðanda mínum, Kamran Keivanlou. Þeim kæruefnum hefur verið svarað hjá lögreglu og hefur umbjóðandi minn lýst yfir sakleysi sínu. Umbjóðanda minn undrar þó mjög hraði sá sem mál er hann persónulega varðar fá hjá lögreglu en þau mál sem hann kærir sitja óhreyfð hjá lögreglu í lengri tíma.

Umbjóðandi minn telur aðkomu Borgunar hf. mestu skipta. Telur umbjóðandi minn það furðu sæta að Austurstræti 5 ehf. skuli veitt óútskýrð undanþága frá skýrum viðskiptaskilmálum, sem kynntir eru á vefsíðu fyrirtækisins. Það er mat umbjóðanda míns að Borgun hf. sé með því hlutdeildaraðili í broti sem varðar ákvæði hegningarlaga um peningþvætti.

Það er von umbjóðanda míns að yfirlýsing þessi varpi ljós á mál hans. Ennfremur er umbjóðandi minn reiðubúinn að veita fjölmiðlum aðgang að öllum þeim gögnum, sem hann hefur undir höndum. Þá skorar umbjóðandi minn á fjölmiðlamenn að spyrja gagnaðila, Borgun hf., lögreglu, Persónuvernd, Fjármálaeftirlitið og sýslumann gagnrýnna spurninga er mál þetta varðar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Alfacom General Trading ehf.,  
og forsvarsmanna



Stefán Karl Kristjánsson, hrl.